

**DALAKOFINN**  
**- Kótelettukvöld -**

Laugardaginn 18. mars kl. 20 verður kótelettukvöld í Dalakofanum á Laugum. Kóteletturnar eru sérvaldar og þykka að hætta Kótelettufélags Íslands. Meðlæti er brúnaðar kartöflur, heimagert rauðkál, grænar baunir og sulta. Í eftirrétt verður ís og kokteilávestir.

Verð er 5.000 kr. á mann og síðasti skráningardagur er mánud. 13. mars. Hægt er að skrá sig í síma 464-3344 eða á netfangið dalakofinn@dalakofinn.is

Á heimasíðu Dalakofans dalakofinn.is eru upplýsingar um opnunartíma, matseðil veitingarstaðarins og fleira

Verið ávallt velkomin  
Dalakofinn Laugum. dalakofinn.is  
s. 464-3344

Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á **miðvikudögum** og auglýsingum þarf því að skila á **mánudögum**

**fyrir kl. 15:00. 😊**

Verð hálfslíðu er kr.3.200.-m.vsk  
Verð heilsíðu er kr.4.300.- m.vsk

***hlaupastelpan@isl.is—895-3386***



## Handverk og hönnun Markaðssetning og verðlagning

Seigla – miðstöð sköpunar, laugardaginn 18. mars 2017 kl. 11:00-14:00

Dagskrá:

**Markaðssetning og verðlagning handverks og hönnunar**

Sunneva Hafsteinsdóttir framkvæmdastjóri Handverks og hönnunar

**Tengslanet – Vefsíðan Creative Momentum**

Hulda Jónsdóttir verkefnastjóri Creative Momentum

**Hugmynd – hönnun - vara**

Birna Kristín Friðriksdóttir hönnuður og eigandi Gjósku segir frá reynslu sinni af tilurð Gjósku, helstu hindrunum og gefur góð ráð.

**Þátttaka á málþinginu er endurgjaldslaus en skráning fer fram á netfanginu: anita@thingeyjarsveit.is**

Viðburðurinn er samstarf Seigu – miðstöð sköpunar og norðurslóðaverkefnisins Creative Momentum sem er á vegum Eyþings. Seigla er eitt af skapandi rýmum (Creative spaces) sem taka þátt í verkefninu.

Þeir sem hafa áhuga á að skrá sig á vefsíðu Creative Momentum (MyCreativeEdge) geta óskað eftir aðstoð við skráninguna þegar málþinginu er lokið. Vinsamlega tilgreinið við skráningu ef óskað er eftir slíkri aðstoð.



# Ísmótið Mývatn Open

verður haldið helgina 10.-11. mars 2017 á Stakhólstjörn við Skútustaði í Mývatnssveit. Keppt verður í A flokk, B flokk, tölta (2 styrkleikaflokkar), og hraðaskeiði þar sem sá sem fer hraðast samkvæmt radarmælingu lögreglu sigrar! Hestamannafélögin Grani og Þjálfí bjóða í reiðtúr út á frosið Mývatn á föstudeginum og er öllum hjartanlega velkomið að taka þátt. Sel-Hótel Mývatn býður knöpum upp á samlokur og heitt kakó úti í eyju.

Dagskrá:

## Föstudagur 10. mars

- Hópreið um Mývatn kl. 16:30. Allir velkomnir, ekkert þáttökugjald. Hópreiðin fer frá á Stakhólstjörn hjá Sel-Hótel Mývatni.
- Bílastæði eru við Sel-Hótel Mývatn

## Laugardagur 11. mars:

- 10:00 B-flokkur, 2. og 1. flokkur, forkeppni og úrslit.
- Hraðaskeið. Lögreglan mælir hraðann og sá sem nær mestum hraða sigrar!
- A-flokkur, 2. og 1. flokkur, forkeppni og úrslit.
- Tölt, 2. og 1. flokkur, forkeppni og úrslit

Að lokinni keppni verður verðlaunaafhending yfir kaffihlaðborði hjá Sel-Hótel Mývatn.

Að kvöldi laugardags verður hestamannahóf á Sel-Hótel Mývatni.

19:30 Húsið opnar fyrir stemmingu kvöldsins, videosýning frá afrekum dagsins á breiðtjaldi.

**20:30 Kvöldverðarhlaðborð - öllum opið. Verð: 5.900,-**

Skráningar í keppni sendist á netfangið [hildurv83@gmail.com](mailto:hildurv83@gmail.com). Skráningarfrestur er til kl. 20:00 miðvikudaginn 8. mars. Eftirtalið þarf að koma fram í skráningu:

Keppnisgrein, styrkleikaflokkur, nafn knapa, nafn hests, litur, aldur, faðir og móðir. Þeir sem ekki geta sent skráningu sína með tölvupósti geta haft samband við Hildi í síma 867-6500.

Skráningargjald er 2.500 kr. á hverja skráningu, greiðist inn á reikning 1110-26-138, kt. 480792-2549. Vinsamlegast komið með kvittun eða sendið á netfangið [hildurv83@gmail.com](mailto:hildurv83@gmail.com). Taka verður fram fyrir hvaða hest og knapa er verið að greiða. Ekki verður posi á staðnum þannig að fólk er beðið að greiða inn á reikninginn eða hafa annars reiðufé meðferðis.

Bókanir í kvöldverð fara fram hjá Sel-Hótel Mývatn í síma 464-4164 eða [myvatn@myvatn.is](mailto:myvatn@myvatn.is).

Þeim gestum og keppendum sem þurfa hesthúspláss er bent á að hafa samband við Ásdís í síma 861-0274.

Fjölmennum og höfum gaman saman!

Styrktaraðilar mótsins eru meðal annars Sel-Hótel Mývatn, Mýflug, RUB23, Jarðböðin, Daddi's Pizza, Hikeandbike, Vogafjós, Skútustaðahreppur, Saltvík hestamiðstöð, FerroZink, Lífland, Bústólpi, Islenskt.is, Purity Herbs, Hótel Kea, Kaffi Borgir, Bautinn og Eagle Air.

Hestamannafélögin Grani og Þjálfí



## Viltu vera hluti af frábærum hópi á Hótel Eddu Stórutjörnum 2017?

Hótel Edda Stórutjörnum leitar að starfsfólki frá byrjun júní til enda ágúst. Starfsfólk þarf að vera tilbúið að vera hluti af og taka virkan þátt í góðu teymi.

Starfsreynsla er ekki nauðsyn en jákvæðni og glaðlyndi er bráðnauðsynlegt. Í boði eru fjölbreytt störf sem henta bæði yngri og eldri einstaklingum. Hlutastarf er einnig möguleiki.

Hægt er að senda inn umsóknir á rafrænu formi á heimasíðu Hótel Eddu. Umsóknarfrestur er til 20. mars n.k. Nánari upplýsingar veitir Valgerður hótelstjóri í síma 867 0439 eða [valgerdurk@icehotels.is](mailto:valgerdurk@icehotels.is)



## Kyrrðar- og bænastund Nesi

Kyrrðar og bænastund verður í Nesi næstkomandi mánudagskvöld, 13. mars, klukkan 20:00.

Allir velkomnir.

Séra Þorgrímur.



## Starfsmaður óskast við leikskólann Yl í Mývatnssveit.

Um er að ræða 88- 100% starfshlutfall. Kostur ef umsækjandi hefur lokið leikskólakennararéttindum, sérkennsluréttindum eða annarri sambærilegri menntun sem nýtisti í starfi.

Umsækjandi þarf helst að geta hafið störf 13. mars, eða eftir samkomulagi og hvetjum við jafnt karla sem konur til þess að sækja um.

Launakjör fara eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólustjóri í síma 8219404.

Vinsamlegast skilið inn umsóknnum á skrifstofu

Skútustaðahrepps eða á netfangið [ingibjorg@myv.is](mailto:ingibjorg@myv.is) fyrir 10. mars.

Leikskólinn Ylur



## **Sunnudagaskóli Grenjaðarstað**

Sunnudagaskóli verður á Grenjaðarstað næstkomandi sunnudag,

12. mars klukkan 11:00.

Allir velkomnir.  
séra Þorgrímur.



## **Vorgleði Þingeyjarskóla**

Vorgleði grunn- og tónlistardeildar Þingeyjarskóla verður haldin að Ýdölum **fimmtudaginn 16. mars og hefst klukkan 20:00.**

Sýnd verða valin atriði úr **Emil í Kattholti** í umsjón miðstigs og **söngatriði er tengist tunglinu** í umsjón 1. og 2. bekkja.

Að lokinni sýningu verða kaffiveitingar og skólahljómsveitin Atlantis mun leika nokkur lög. Miðaverð 2000 krónur fyrir fullorðna og 1000 krónur fyrir börn á skólaldri.

Frítt fyrir börn á leikskólaaldri og grunnskólanemendur Þingeyjarsveitar.

**ATH.! Ekki er hægt að greiða með korti.**

Allir hjartanlega velkomnir.

Nemendur og starfsfólk Þingeyjarskóla



# SUMARFERÐ

## Eldri borgara í Þingeyjarsveit

Dagana 12.13. og 14. júní ætlar FEBÞ að efna til skemmti- og

fræðsluferðar um Húnavatnssýslur.

Á mánudeginum 12. júní verður ferðast áleiðis að Laugarbökkum í Miðfirði, þar sem gist verður í 2 nætur á Hótel Laugarbökkum – glæsilegu og nýuppgerðu hóteli, þar sem öll herbergi eru með sérbaði. Á leiðinni verður stoppað á nokkrum áhugaverðum stöðum og m.a. ekið um Vatnsdalinn.

Á þriðjudeginum 13. júní veður mestum hluta dagsins eytt í hringferð um Vatnsnesið, með viðkomu á Hvammstanga, Hvítserk og svo verður kíkt á selina. Við áætlum líka að hafa viðkomu í Byggðarsafninu á Reykjum í Hrútafirði.

Á miðvikudeginum 14. júní verður tekinn hringur í Miðfirðinum, skoðum m.a. slóðir Grettis sterka og Vatnsenda Rósu. Við áætlum að fara um Fitjárdal, Kolugljúfur og etv. fleiri áhugaverða staði á leiðinni heim.

Áætlaður kostnaður, miðað við 40 þáttakendur, er kr. 45.-50.000.- fyrir manninn í tveggja manna herbergjum (innif. rúta, gisting með morgun- og kvöldmat, aðgangseyri að söfnum og leiðsögn).

Aukagjald fyrir einsmanns herbergi kr. 15.000.-

\*\*\*\*\*

Þáttaka tilkynnist ferðanefnd í síðasta lagi 20. maí og staðfestingargjald kr. 25.000.-greiðist inná reikning félagsins númer: 1110-26-3337 eigi síðar en 25. maí.

Ferðanefnd: Oli í síma 897 3030 eða netfang:

[oliantons@gmail.com](mailto:oliantons@gmail.com)

Indriði og Valgerður í síma 464 3557 og

Sæunn í síma 869 5954 eða netfang: [eyjard@gmail.com](mailto:eyjard@gmail.com)

Frekari upplýsingar um Húnavatnssýslur og áhugaverða staði þar má benda á eftirfarandi heimasíður: [www.hunavatnshreppur.is](http://www.hunavatnshreppur.is) og <https://www.hunathing.is/> og <https://www.hotellaugarbakki.is/> og erum við á söguslóðum Agnesar, Friðriks og Natans Ketilssonar á Illugastöðum og upplagt að kíkja í bókina „Náðarstund“

IO.tbl.  
8. mars  
2017  
24. árg.

# Hlaupastelpan

[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is), s:4643366/gsm:8953386



Sunnudaginn 12. mars kl. 14<sup>00</sup> heldur 9.– 10. bekkur Þingeyjarskóla bingó í félagsheimilinu á Breiðumýri til að safna fyrir Marimbaferð til Svíþjóðar í vor.

## Mikill fjöldi glæsilegra vinninga!

Boðið verður upp á kaffi og djús í hléi.



Í apríl stefna þessi duglegu börn svo einnig á að halda flóamarkað með ýmsum skemmtilegum uppákomum. Þeim sem hafa hug á að taka til í fataskápnunum eða geymslunni og vilja styrkja gott málefni með því að leggja til muni eða föt á flóamarkaðinn er velkomið að koma þeim til skila á bingóinu. Einnig er hægt að koma þeim til nemenda 9. og 10. bekkjar í Þingeyjarskóla eða hafa samband við foreldra í sínum:

866-9887 (Elín), 848-3242 (Hallur), 864-4121 (Ingibjörg), 861-6759 (Íris), 864-3757 (Aðalsteinn), 861-3182 (Robert) og 847-9996 (Sigrún Birna).